



150. fundur byggðarráðs
F26-06-062

Byggðarráð Húnabyggðar Fundargerð

Fundur haldinn þann 8.7.2026, 15:30 – 16:45. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Zophonías Ari Lárusson aðalmaður
Ritari: Pétur Arason sveitarstjóri
Fundinn sátu: Jón Gíslason áheyrnarfulltrúi
Sævar Örn Björgvinsson varamaður
Jenný Lind Gunnarsdóttir varamaður

Formaður byggðarráðs lagði fram tillögu í upphafi fundar um að einum dagskrárlið yrði bætt við dagskrána er varðar göngur og réttir. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

1. M26-07-388 - Prjónagleði

Drög að kostnaðaráætlun Prjónagleði 2026

Drög að kostnaðaráætlun Prjónagleðinnar 2026 lögð fram til kynningar. Byggðarráð bendir á að færa verði kostnað vegna vinnu starfsmanna sveitarfélagsins og leigu á Íþróttamiðstöðinni inn í kostnaðaruppgjörið. Byggðarráð ákveður að gengið verði til samninga við Svanhildi Pálsdóttur um að sjá um Prjónagleðina 2027 og að samið verði við hana miðað við umræður fundarins. Þá voru einnig teknar til umræðu kvartanir sem bárust vegna aðgengismála frá gestum Prjónagleðinnar. Byggðarráð þakkar ábendingarnar og sveitarstjóra falið að koma lagfæringum í ferli.

2. M26-06-098 - Tjaldsvæði

Lagður fram til kynningar tímabundinn þjónustusamningur við L&E ehf. um rekstur bráðabirgðatjaldsvæðisins við Hnjúkabyggð. Samningurinn gildir til 01.10.2026 en áætlað er að rekstur tjaldsvæða Húnabyggðar í þéttbýlinu verður boðin út að þeim tíma loknum.

3. M26-07-392 - Gangbraut yfir Melabraut að búðinni

Byggðarráð samþykkir að ráðist verði í framkvæmdir vegna umferðaröryggismála við Melabraut frá skólalóðinni að verslunarhúsnæðinu við Húnabraut 4. Byggðarráð vísar málinu til skipulags- og samgöngunefndar. Byggðarráð vill nota tækifærið og harmar að á bílaplaninu við verslunina varð óhapp þar sem barn kom við sögu, en sem betur fer fór betur en áhorfðist. Þessi framkvæmd mun auka umferðaröryggi allra sem þarna ferðast um umtalsvert.

4. M26-07-385 - Hnjúkabyggð 27 - eign 2136679

Verðmat á eign 2136679 í blokkinni.

Byggðarráð staðfestir að setja í söluferli eign sveitarfélagsins (F2136679) að Hnjúkabyggð 27 sem er 125 fermetrar. Ásett verð skuli vera 41.900.000 kr. Byggðarráð felur sveitarstjóra að koma eigninni í söluferli.

5. M26-06-099 - Kraftamenn

Byggðarráð staðfestir styrk til félags Kraftamanna upp á 300.000kr. til vegna viðburðarins Víkingurinn 2026, en tvær keppnisgreinar mótsins verða haldnar á Blönduósi 25. júlí.

6. M26-06-353 - Kvörtun um stöðu á Holtabraut

Lögð fram kvörtun frá íbúa vegna vegkafla Holtabrautar sem er malarvegur að Ennisbraut. Yfirborð vegarins veldur ónæði og eins er kvartað undan hraðakstri. Í framkvæmdaáætlun ársins eru fyrirhugaðar framkvæmdir við veginn til að laga m.a. yfirborð hans, en lokafrágangur þessa vegkafla er áætlaður 2027. Hvað varðar hraðakstur er sveitarstjóra falið að kanna hvað hægt er að gera til þess að beina því til vegfarenda að keyra varlega.

7. M26-07-394 - Félög (ehf) Húnabyggðar

Staðfesting frá KPMG um að slit byggðarsamlags um menningar og atvinnumál (BMA) sé formlega gengin í gegn lögð fram til kynningar.

8. M26-07-395 - Félagsheimilið á Blönduósi ehf.

Ársreikningur Félagsheimilis Blönduós ehf. lagður fram til kynningar.

9. M26-07-389 - Íbúðakjarni fyrir fólk með fötlun

Byggðarráð staðfestir að stofnframlag sveitarfélags vegna byggingu nýs íbúðarkjarna fyrir fólk með fötlun verði u.þ.b. 40.000.000kr. sveitarstjóra falið að svara HMS samkvæmt fyrirspurn stofnunarinnar.

10. M26-07-382 - Endurskoðun byggðarkvótakerfis

Lagt fram til kynningar.

11. M26-07-383 - Aðalfundur MHR 2026

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu. Byggðarráð vísar málinu til atvinnu- og menningarnefndar.

12. M26-07-387 - Framboð til stjórnar Sambandsins

Lagt fram til kynningar og sveitarstjóra falið að upplýsa kjörna fulltrúa sveitarstjórnar um málið.

13. M26-07-398 - Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Lagt fram til kynningar.

14. M26-07-397 - Erindi frá Landssambandi eldri borgara

Erindi frá Landssamtökum eldri borgara lagt fyrir og byggðarráð tekur undir áherslu samtakanna um mikilvægi þess að stofnuð séu öldungarráð í hverju sveitarfélagi. Öldungaráð var í Húnabyggð á síðasta kjörtímabili og kjörnir fulltrúar öldungaráðs Húnabyggðar hafa verið skipaðir fyrir yfirstandandi kjörtímabil og fyrsti fundur ráðsins mun verða haldinn bráðlega.

15. M26-07-396 - Áhersluverkefni Sóknaráætlunar NV fyrir árið 2026

Sem hluti af að sóknaráætlun SSNV hefur verið ákveðið að styrkja bæjarhátíðar á Norðurlandi vestra og hefur Húnabyggð hlotið styrk upp á 1.000.000kr. Byggðarráð fagnar þessu framtaki sem kemur sér einkar vel þar sem að bæjarhátíð Húnabyggð, Húnavakan, er í mikilli sókn. Þá vill byggðarráð vekja athygli á því að í Húnabyggð eru haldnir um tíu viðburðir á hverju ári og því mikið líf í viðburðadagskrá sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að auka sýnileika þessara viðburða á heimasíðu Húnabyggðar. Byggðarráð vísar málinu jafnframt til atvinnu- og menningarnefndar.

16. M26-07-398 - Fundargerðir Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Lagt fram til kynningar.

17. M26-07-410 - Göngur og réttir 2026

Byggðarráð áréttar leiðréttingu á bókun sveitarstjórnar vegna fundargerðar 8. fundar fjallskilanefndar sem er svo hljóðandi:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita fjallskiladeildum Skrapatunguafréttar, Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiða leyfi til að breyta dagsetningum á fjárréttum haustið 2026 þannig að aðalréttir Undirfellsréttar verði 4-5. september, aðalréttir Auðkúluréttar verði 5. september og að fyrri réttir í Skrapatungurétt verði 6. september og seinni réttir 20. september.

Í bókuninni misfórst að hafa nafn Hlíðarréttar með samkvæmt bókun 8. fundar fjallskilanefndar og uppfærð bókun byggðarráðs fyrir hönd sveitarstjórnar er því:

Byggðarráð samþykkir samhljóða að veita fjallskiladeildum Skrapatunguafréttar, Eyvindastaðarheiðar, Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiða leyfi til að breyta dagsetningum á fjárréttum haustið 2026 þannig að aðalréttir Undirfellsréttar verði 4-5. september, aðalréttir Auðkúluréttar verði 5. september, Hlíðarrétt verði 5-6. september og að fyrri réttir í Skrapatungurétt verði 6. september og seinni réttir 20. september.